

Umhverfi, skipulag og lýðheilsa - Aðlaðandi og öruggt umhverfi

Sálfræðileg endurheimt

Rannsóknir sýna að náttúran hefur jákvæð áhrif á lýðheilsu fólks. Fólk kýs umhverfi sem hámarkar samtímis yfirsýn og möguleika á flóta. Góð umlyking þarf að vera í réttum hlutföllum og fagurfræðilega góð.

Sálfræðileg endurheimt er nauðsynlegt til þess að likaminn okkar brotindi ekki og brenni úr sér. Góð hvild þarf að vera í jafnvægi við mikid álag. Til þess að búa til endurheimtandi umhverfi þarf sveðið að uppfylla tvö skilyrði en þau eru að gefa tækifæri fyrir endurheimt að eiga sér stað og ýta undir að endurheimt eigi sér stað. En þar spilar náttúran inní. Endurheimtandi umhverfishönnun er nauðsynleg. Rannsóknir sýna að græn svæði hafa góð líkamleg áhrif, góð andleg áhrif og góð þjóðhagsleg áhrif.

Huga þarf að skipulagi og heilbrigði en heilbrigði og viðhald þess er eitt helsta markmið okkar í lifinu. Skipulag byggðar, samgangna, mannvirkja, húsnaðis og útisvæða skipta miklu máli fyrir heilbrigði. Skipulagið þarf að auðvelda og hvetja til hreyfingar og útivistrar í daglegu lífi en á sama tíma að takmarka streituvalda í umhverfinu, takmarka slysahættu og styðja við mannleg samskipti. Hlúa þarf að andlegum og skapandi þáttum í lífi fólks.

Gott almenningsrými

Eins og kom fram í fyrra verkefni er enginn góður miðbær í Borgarnesi, en þetta rými sem ég hef valið hefur góða eiginleika til þess að mynda góðan miðbæ. Hönnun á góðu almenningsrými gæti verið gott byrjunarskref í átt að góðum miðbæ í Borgarnesi. Gott miðbæjarsvæði er nauðsynlegt fyrir góða bæjarímynd.

Góð almenningsrými þurfur að uppfylla ákveðnar kröfur til að þau virki vel. Hér að neðan eru talin upp nokkur atriði ásamt því hvernig staðan er á mínu rými með tillitli til þessa atriða:

- * Öryggi gegn umferð: Nokkuð þung umferðagata er meðfram svæðinu sem taka þarf tillit til
- * Vörn gegn slæmu veðri: Vandamál á Íslandi sem þarf alltaf að huga að, sérstaklega huga að vind og skjólmyndun
- * Möguleiki á að ganga þar sem er þægilegt og gott aðgengi: Gangstétt liggur meðfram rýminu
- * Áhugaverðar frambhlíðar á byggingum: Verslanir hafa stóra glugga en eru ekki nýttir fyrir útstillingar
- * Möguleiki á að dvelja á staðnum þar sem eru bekkir til að hvíla sig á eða spjalla við fólk: Ekki til staðar
- * Möguleiki á að sjá áhugaverða sjónpunktum: Ekki til staðar, en hægt að "búa til" með listaverki eða gróðri
- * Fagurfræði með gæði í hönnun og smáatriðum, góð sjónræn áhrif og fallegur gróður: Ekki til staðar en hægt að bæta

Borgarbraut, Borgarnes

Í fyrra verkefni var Borgarbraut 55-65 í Borgarnesi valin sem áhugavert göturými sem greint var og frambhlíðar bygginga fengu einkunnir. Þessi gata er ekki týpisk verslunargata og í raun ekki miðbæjargata. Borgarnes á ekki almennilegan miðbæ en þetta göturými biður upp á mikla möguleika þar sem mörg mismunandi fyrirtæki og stofnunar standa við götuna og frambhlíðar fjölbreyttar. Einnig eru mismunandi þjóðfélagshópar sem sækja svæðið þar sem bæði er menntaskóli og dvalarheimili á staðnum. Einnig er fólk sem sækir þjónustu í verslanir, hvort sem það eru heimamenn, úr Reykjavík eða af landsbyggðinni. Þarf því að hafa það í huga þegar dvalarsvæði er hannað að það hennti öllum þjóðfélagshópum á öllum aldri.

Nánast allir sem fara um svæðið eru að stunda nauðsynlegar athafnir. Eins og staðan er í dag er ekki möguleiki á að stunda félagslegar eða valkvæðar athafnir utandyra þar sem engin dvalarsvæði eru til staðar í rýminu. Nema við heilsugæslu þar sem eru 2 bekkir og við strætóstoppstöð á N1 þar sem er bekkur. En hvorugt svæðanna er aðlaðandi.

Miklir möguleikar eru fyrir hendi til þess að gera þessa götu meira aðlaðandi og hægt væri að auka mannlíf til muna. Bæta þyrfi góðu dvalarsvæði í rýmið þar sem fólk hefði tækifæri til að dvelja lengur á svæðinu.

Borgarbraut 58-60, bílastæði verður grænt svæði

Svæðið sem ég valdi til þess að gera endurbætur á fyrir þetta verkefni stendur við verslunarkjarnann að Borgarbraut 58-60. Við þetta hús er ótrúlega mikid magn af bílastæðum og sá ég kjörið tækifæri þar til að búa til smá grænt rými þar sem hægt væri að stunda valkvæðar og félagslegar athafnir. Í fyrra verkefni fékk þessi frambhlíð hæstu einkunn af öllum frambhlíðum í götunni. Það var vegna þess að þarna eru til staðar margar litlar einingar og nokkur fjölbreytileiki. Margir stórir gluggar og stórir ingangar. Gluggar eru hinsvegar ekki nýttir fyrir útstillingar og ekkert dvalarsvæði er til staðar við húsið. Þarna stundar fólk einungis nauðsynlegar athafnir þar sem ekki er í boði að dvelja á svæðinu, engir bekkir eða dvalarsvæði.

Markmiðið er að skapa svæði þar sem fólk getur gengið í gegnum og upplifað endurheimt. Með því að gera gangandi vegfarendur að forgangshóp má fækka bílastæðum. Strætóstoppstöð er hinumegin við götuna og því stutt í almenningsamgöngur. Til þess að fólk stundi valkvæðar athafnir á svæðinu þurfa að vera réttar aðstæður til þess og gæði útríymis mikil. Fólk þarf þá að geta setið og notið, borðað eða leikið sér.

Þar sem margar rannsóknir benda til þess að gróður bætir lýðheilsu fólks verður lagt upp úr því að auka við gróður á svæðinu og reynt að útbúa minni rými innan svæðisins þar sem hægt er að upplifa notalega umlykingu á gróðri. Gróður er einnig góð vörn fyrir hávaða og mengun og því verður sett þétt belti af gróðri meðfram umferðargötunni. Bekkir eru staðsettir í jaðri með gróðurbeðin í bakið. Þannig getur fólk verið með góða yfirsýn yfir svæðið.

Svæðinu er skipt upp í nokkur dvalarhlóf. Tvö ystu hlófin hafa góða yfirsýn yfir mannlif og göturnar í kring. Einnig verða þar frístandandi borð og stólar þar sem hægt er að spila leiki til dæmis skák. Eitt hlófið er ögn minna og meira lokað þar sem listaverk er staðsett og er það meira fyrir fólk sem vill meira næði, spjalla saman eða hvílast. Að lokum er stærsta hlófið þar sem er staðsett leiktæki, en þar geta fjölskyldur dvalið eða börn leikið á meðan foreldrar skreppa í verslun. Í öllum hlófum eru bekkir í jaðri, gróður og lýsing. Góð og aðlaðandi lýsing á að gera svæðið notvænlegt á kvöldin líka, sem einnig eykig og óryggi.


Framhlið á byggingunni er algjörlega þakin gluggum fyrirtækja. Þessir gluggar eiga að vera nýttir í fallegar og fjölbreyttar útstillingar sem eiga að vera vel lýstar. Meðfram gluggunum liggr göngustígur sem er afmarkaður með gróðurkerjum en inn á milli er op inn á dvalarsvæði þar sem fólk getur gengið á milli. Einnig er þá hægt að sitja á bekkjum og hafa útsýni yfir verslunargluggana á nokkrum stöðum.

Rýmið þarf að vera aðgengilegt öllum þar sem dvalarheimili er í nágrenninu. Efnisnotkun á svæðinu á að vera fjölbreytt en með það í huga að börn, aldraðir og hreyfihamaðir komist greiðlega um svæðið.

Svæðið á að hámarka ánægju með gæði í hönnun og smáatriðum, góð sjónræn áhrif og fallegt gróðurlif.

Lífrænar linur í hönnuninni eiga að skapa skemmtilegra flæði í gegnum svæðið ásamt því að brjóta upp mjög ferkanntað umhverfi.

Mörk svæðisins nær alveg út að götu en í dag er gangstétt sem liggr meðfram henni. Hún verður tekin sem gerir það að verkum að fólk neyðist til þess að ganga í gegnum svæðið þótt það sé einungis að ganga framhjá verslunarhúsnæðinu og á í raun ekki erindi. En hugmyndin er að allir gangandi vegfarendur geti upplifað svæðið hvort sem þeir eiga erindi þangað eða ekki.



Borgarnes



Borgarbraut 58-60



Bílastæði sem verður breytt



Lokaútkoma á nýju almenningsrými





Bílaplan fyrir breytingu



Bílaplan eftir breytingu



Hugmynd að skemmtilegum útstillingum



Séð að hótelri fyrir breytingu



Séð að hótelri eftir breytingu

